



Alþingi
Erindi nr. P 141/1686
komudagur 20.2.2013

FJÖLMIÐLANEFND

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Alþingishúsið v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2013
Mál nr. 2013-467/0.4

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara

Fjölmiðlanefnd vísar til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis frá 7. febrúar 2013 þar sem óskað er eftir umsögn fjölmiðlanefndar vegna frumvarps til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara (þingskjal 572 – 453. mál) sem lagt var fram á 141. löggjafarþingi 2012-2013.


Fjölmiðlanefnd vill upplýsa allsherjar- og menntamálanefnd um að mennta- og menningarmálaráðherra óskaði eftir því með bréfi 14. febrúar 2012 að nefndin tilnefndi fulltrúa í stýrihóp fyrir framkvæmd þingsályktunar um afgerandi lagalega sérstöðu Íslands varðandi tjáningar- og upplýsingafrelsi, sem mennta- og menningarmálaráðherra skipi.


Þann 3. maí sl. skipaði ráðherra stýrihópin og er honum ætlað að hafa forsögn um að leiða vinnu ráðuneytisins við greiningu og úttekt á lagaumhverfinu hér á landi og erlendis með tilliti til efnis þingsályktunarinnar, einkum staflíða a og b, með hliðsjón af þjóðréttarskuldbindingum Íslands.

Er stýrihópnum ætlað að skila tillögum sínum til ráðuneytisins í formi greinargerðar með umfjöllun um helstu álitafni og stefnumörkun fyrir helstu efnisþætti nauðsynlegra lagabreytinga í samræmi við niðurstöður hennar. Verður umfjöllun í greinargerð stýrihópsins greinandi með ítarlegum rökstuðningi fyrir ástæðum tillagna ásamt styrkleikum þeirra og ávinningi. Er stýrihópnum ætlað að ljúka störfum eigi síðar en 1. maí 2013.

Í ljósi þess að fulltrúi fjölmiðlanefndar tekur virkan þátt í starfi stýrihópsins vísar nefndin til umsagnar Stýrihóps um framkvæmd þingsályktunarinnar hvað frumvarp um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara varðar.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,


Elfa Ýr Gylfadóttir


Dalla Ólafsdóttir